

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. maí 2012

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum. (áburðareftirlit, fódureftirlit, þvingunarúrræði og viðurlög), 660. mál

Lífland tekur heilshugar undir áherslur í umsögn Samtaka Iðnaðarins um málið, sbr. bréf samtakanna þar um dags. 14. maí sl. Félagið rekur nýja fóðurverksmiðju og hefur kostað kapps um að hafa eftirlit með öllu framleiðsluferli eins og best verður á kosið og þannig að kaupendur framleiddrar fóðurvöru megi treysta því að úr fóðrinu berist ekki sjúkdómsvaldar inn á búin. Áherslur frumvarpsins sem lúta að þessu markmiði falla því að sjónarmiðum Líflands ehf. Félagið gerir hins vegar alvarlegar athugasemdir við eftirfarandi:

1. Varað er við kröfum um það, að framleiðendum og þjónustuaðilum þeirra verði gert skylt að upplýsa um innihald umhverfissýna sem tekin eru til að fylgjast með ástandi utandyra og til að auðvelda stjórnendum að ákveða viðbúnaðarstig vegna t.d. mengunar frá fuglum. Ábyrgð framleiðenda á að takmarkast við gæði framleiðslunnar en ekki almenna umhverfissvöktun í sveitarfélögum. Hvað það sem einstakir framleiðendur gera til að tryggja hámarksvöruvöndun er þeirra mál og á ekki að vera tilkynningarskylt til opinberra eftirlitsaðila. Reynslan sýnir að stofnunum hins opinbera er ekki sérstaklega vel treystandi til að fara með trúnaðarmál og framleiðendur munu án efa fara af gát við upplýsingaöflun, ef hætta er á að þær geti skaðað fyrirtækið. Alkunna er að salmonella er landlæg í mávum og viðfangsefni framleiðenda er því að verjast því að fuglaskítur geti borist í framleiðsluna. Þótt slíkt sýni finnist í umhverfinu er það ekki sérstakur váboði umfram það sem vænta má, en frétt af því gæti haft mjög skaðlegar afleiðingar. Því er mælt mjög gegn ákvæði 6.gr. frumvarpsins um skyldu til að senda tilkynningar til Matvælastofnunar um niðurstöður úr umhverfissýnum.
2. Í þessu sambandi er vert að vekja á því athygli að í athugasemdum með 6. gr. er fullyrt að frumvarpsgreinin feli í sér að skylda megi fóðurframleiðendur til að taka umhverfissýni. Frumvarpsgreinin sjálf kveður þó með engum hætti á um þetta og er þannig sýnilega ósamræmi milli frumvarpsins og skýringanna. Um leið og áréttuð eru mótmæli við því, að einstök fyrirtæki verði skylduð til að stunda umhverfissvöktun, er vakin athygli á því að frumvarpið leyfir það ekki í núverandi buningi. Lítur Lífland svo á, að þar sé ekki að finna lagaheimild af þeim toga, nema þingið geri hér á breytingu í meðförum sínum.

3. Refsikaflí frumvarpsins hlýtur að verða þingmönnum mjög til umhugsunar og þá sérstaklega sú tilhneiging sem fram kemur í þessu frumvarpi sem og nokkrum fleirum sem séð hafa dagsins ljós á yfirstandandi þingi, og fela í sér afar víðtækar heimildir til handa hinum ýmsu stofnunum til þess að leggja gríðarlegar sektir, hvort heldur er á einstaklinga eða lögaðila. Þótt slíkum ákvörðunum megi skjóta til dóms, þá breytir það því ekki að innheimta ofursekta hefur mjög alvarleg áhrif á fátæg og stöðu þeirra sem fyrir verðar. Fullt tilefni er til að vara við þessari þróun, því augljóst er að einstakar eftirlitsstofnanir ríkisvaldsins munu traðla ráða yfir þeirri kunnáttu og hæfni á sviði refsiréttar að réttlát málsmeðferð verði tryggð. Er því varað við þeim miklu refsheimildum sem færa á stofnuninni skv. frumvarpi þessu.
4. Það er til áréttingar framangreindum sjónarmiðum um yfirvofandi og innbyggða hættu á réttarspjöllum skv. þeim refsheimildum sem frumvarpið felur í sér, að refsinaemi margháttaðra brota og yfirsjóna er jafnt bundið við ásetning og einfalt gáleysi; yfirsjón um tilkynningu sem engan skaðar er þannig tilefni stórkostlegra fésekta. Er þess vænst að alþingi sjái hið minnsta til þess, að refsinaemi hinna fjölbreyttu refsitilefna, sem tilfærð eru í gr. 11 verði bundin við stórkostlegt gáleysi eða ásetningsbrot.
5. Það er svo sjálfstætt mál, sem komið hefur upp í tengslum við fleiri frumvörp ríkisstjórnarinnar, hvort alþingi þyki almennt rétt að gera mistök, sem starfsmönnum kann að verða á, hvort heldur það eru vigtarmenn í höfnum landsins eða starfsmenn fóðurverksmiðja, refsiverð, þannig að þessir starfsmenn geti borið persónulega ábyrgð á greiðslu tugmilljóna sekta. Vel má vera að alþingi þyki það við hæfi, en þá vaknar aftur spurning um það, hvort ekki þurfi frekar að setja almenn lög um refsiverða háttsemi starfsmanna, e.t.v. nýja kafla í hegningalögin, svo sæmilegt samræmi sé í því milli starfstétta hvers þeir mega vænta í beinum refsingum ef þeim verður á í starfi, án þess að núverandi ákvæði hegningalaga eigi við. Sé ekki vilji til þessa væri rétt, a.m.k. að fresta upptöku slíkra refsheimilda í þennan lagabálk.

Virðingarfyllt,

F.h. Líflands ehf.

Bergþóra Þorkelsdóttir,
framkvæmdastjóri